

LANDPÓSTURINN

3. tbl. 7. árg. maí 1995 • Fréttabréf Félags landfræðinga
Pósthólf 5391 • 125 Reykjavík • ábm.: Kristinn Einarsson

KVÖLDFUNDUR í maí mánudaginn 15. maí 1995

Fundur verður haldinn í Félagi landfræðinga í stofu 102 í Lögbergi
mánudagskvöldið 15. maí 1995 kl. 20.30.

Dagskrá: Guðrún Ólafsdóttir segir frá ferð til Kfna í apríl sl.

NÝ STJÓRN FÉLAGS LANDSFRÆÐINGA

Á aðalfundi Félags landfræðinga 29. mars 1995 var stjórn kjörin fyrir
starfsárið 1995 til 1996. Stjórnin er eins skipuð og síðasta starfsár en
Guðrún Ólafsdóttir og Rannveig Ólafsdóttir hafa skpst á hlutverkum.

Guðrún Halla Gunnarsdóttir, formaður
(hs.5528502, vs. 5624100, fax 5624165, tölvupóstfang halla@islag.is)

Kristinn Einarsson, varaformaður
(hs. 568 1969, vs. 569 6042, fax 568 8896, tölvupóstfang ke@islag.is)

Rannveig Ólafsdóttir, ritari
(hs. 567 3074)

Anna Dóra Sæþórsdóttir, gjaldkeri
(hs.564 4161, vs. 569 4471, fax 569 4499)

Guðrún Ólafsdóttir, meðstjórnandi
(hs.552 6269, vs. 569 4484, fax 569 4499, tölvupóstfang
gudrunmo@raunvis.hi.is

Árni Þór Vésteinsson, endurskoðandi
(hs. 5621398, vs. 5610230)

Tryggvi Jakobsson, endurskoðandi
(hs. 5511104, vs. 5528088)

AÐALFUNDUR FÉLAGS LANDFRÆÐINGA

var haldinn miðvikudaginn 29. mars 1995 í Odda st. 201.

Mættir voru: Guðrún Halla Gunnarsdóttir, Kristinn Einarsson, Árni Þór Vésteinsson, Rannveig Ólafsdóttir, Anna Dóra Sæþórsdóttir, Ásrún Ólafsdóttir nemi, Steinunn Elva Gunnarsdóttir nemi, Ásta M. Urbancic, Þorvaldur Bragason, Guðrún Gísladóttir, Þorbjörg Kr. Kjartansdóttir, Ásdís Hlökk Theodórsdóttir, Matthildur Kr. Elmarsdóttir, Guðrún Ólafsdóttir, Rakel Þórðardóttir nemi, Lilja Bjarklind Kjartansdóttir nemi og Ingibjörg Sveinsdóttir nemi.

Formaður félagsins, Guðrún Halla Gunnarsdóttir setti aðalfundinn kl. 20.15 og skipaði Árna Þór Vésteinsson fundarstjóra og Rannveigu Ólafsdóttur fundarritara.

Guðrún Halla flutti síðan skýrslu formanns (sjá meðfylgjandi skýrslu)

Í lokin flutti formaður þrjár tilkynningar

1. Þeir félagar sem ekki hafa greitt árgjaldið verða teknir af skrá.
2. Vorrabb félagsins verður haldið á Jassbarnum 3. maí nk.
3. Kvöldfundur „með gamla laginu“ verður 15. maí nk. og mun Guðrún Ólafsdóttir segja frá Kínaferð.

Spurningar um skýrsluformanns voru engar (utan þess að Matthildi hafði misheyrst og taldi formann hafa talað um Lögfræðinga en ekki Landfræðinga).

Gjaldkeri félagsins, Anna Dóra lagði fram reikninga og flutti félagmönnum þau gleðitíðindi að félagið hefði hagnast á árinu. (sjá meðfylgjandi reikninga)

Athugasemdir vegna reikninga:

1. Spurt var hver kostnaður við Landabréfið væri? Fram kom að síðasta tölublað kostaði um 130 þúsund krónur.
2. Emil Bóasson benti á að litlar upphæðir væru á tekjureikningi og spurði hvenær tekjurnar kæmu inn? Töldu menn rétt að meira væri geymt á þeim reikningi.

Kosning stjórnar:

Guðrún Halla var einróma endurkjörin sem formaður félagsins.

Guðrún Ólafsdóttir og Anna Dóra Sæþórsdóttir gáfu kost á sér til endurkjörs til næstu 2ja ára og voru einróma endurkjörnar.

Krisinn Einarsson og Rannveig Ólafsdóttir hófu sitt síðara ár af 2ja ára setu í stjórn.

Endurskoðendurnir Árni Þór Vésteinsson og Tryggvi Jakobsson voru endurkosnir.

Félagsgjöld.

Ákveðið var að hafa félagsgjöldin þau sömu og verið hefur þ.e. 2000-kr.

Lagabreytingar:

Engar lagabreytingar voru gerðar.

Önnur mál:

Rannveig spurðist fyrir um útgáfumál Landabréfsins og kom fram að ritnefnd stefnir að útgáfu þeirra fyrirlestra sem haldnir hafa verið á tveimur síðustu ráðstefnum félagsins..

Að þessu fundarstöfum loknum var drukkið kaffi og snæddar kökur og mikið spjallað. Guðrún Ólafsdóttir auglýsti nýtt landfræðirit til sölu, Geography for life.

Að lokum fluttu Ásdís Hlökk Theodórsdóttir og Matthildur Elmarsdóttir erindi um nám sitt í skipulagsfræðum erlendis þ.e. í Bretlandi og Kanada og báru þær saman ólíka uppbyggingu námsins.

29. mars 1995
Rannveig Ólafsdóttir

Skýrsla formanns

Skýrsla stjórnar fyrir starfsárið 1994 til 1995

Ágætu félagsmenn! Nfunda starfsári félagsins er nú að ljúka.

Á síðasta aðalfundi sem haldinn var 23. mars 1994 áttu að venju tveir að ganga úr stjórn auk formanns, sem kosinn er til eins árs í senn. Þorbjörg Kr. Kjartansdóttir og Emil Bóasson gáfu ekki kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn. Í þeirra stað voru kosin Kristinn Einarsson og Rannveig Ólafsdóttir. Guðrún Halla Gunnarsdóttir formaður gaf áfram kost á sér og var hún endurkjörin til starfsins. Stjórnin skipti síðan með sér verkum sem hér segir: Kristinn varaformaður og ábyrgðarmaður fréttabréfs, Guðrún ritari, Anna Dóra gjaldkeri og Rannveig meðstjórnandi. Endurskoðendur félagsins þeir Árni Þór Vésteinsson og Tryggvi Jakobsson voru endurkosnir.

Ekki komu fram tillögur um breytingar á lögum félagsins og samþykkt var óbreytt árgjald frá fyrra ári, 2.000 kr. Nokkuð tap hafði orðið á rekstri félagsins, einkum vegna mikillar útgáfustarfsemi á árinu. Af núverandi starfsári varð hins vegar nokkur hagnaður.

Sigrður Haraldsdóttir sem verið hefur ritstjóri tímaritsins gaf ekki kost á sér til áframhaldandi ritstjórarstarfa sökum anna. Hún benti á að skoða þyrfti ýmsa tekjumöguleika áður en næsta tölublað yrði gefið út, þar sem útgáfan er dýr en félagið fámennt og þar að auki aðeins um helmingur félagsmanna sem greiðir árgjaldið reglulega. Fundarmenn voru þó sammála um að nauðsynlegt væri að reyna að halda útgáfustarfseminni áfram.

Félaginu hafði borist bréf frá Bretlandi, þar sem óskað var stuðnings við mótmæli vegna Thorp endurvinnslustöðvarinnar í Sellafield og var formanni falið að undirrita þau fyrir hönd félagsins.

Að lokum aðalfundarstörfum tók Guðbjörg Gunnarsdóttir saman helstu niðurstöður af ráðstefnu félagsins „Landfræði í breytum heimi - landfræðikennsla“. Gerður var góður rómur að samantekt Guðbjargar og miklar umræður urðu um landfræðikennslu og leiðir til úrbóta.

Guðrún Ólafsdóttir hélt að lokum erindi um skrif erlendra ferðakvenna um Ísland á 19. öld, sem hún nefndi: „Ida Pfeiffer og stallsystur hennar“. Erindið var bæði fróðlegt og skemmilegt og gaf nokkuð aðra mynd af Íslandi en skrif erlendra karla frá sama tíma.

Aðeins 11 manns sóttu fundinn. Skráðir félagar voru hins vegar 116 en nú í lok starfsársins eru þeir um 130.

Fundi var slitið á tólfta tímanum og kom þá í ljós að samkomugestir vour læstir inni á annari hæð í Lögbergi án símasambands eða salernis! Eftir ýmsar tilraunir með ljósablikki, hrópum og stökki Tryggva út um glugga náðu allir að klöngrast slysalaust niður eftir reiðhjólagrind sem reist var á endann upp að glugganum.

Stjórnarfundir voru 9 á starfsárinu auk smærri vinnufunda, þegar mikið lá við og ótal símtala. Fréttabréfið, Landpósturinn, kom út 3 sinnum á starfsárinu og sá Kristinn Einarsson um útlit og uppsetningu. Önnur útgáfustarfsemi var engin á vegum félagsins á þessu ári. Tímaritið, Landabréfið kom því miður ekki út á árinu, enda bærust engar umsóknir, þegar auglýst var eftir ritstjóra. Rannveig Ólafsdóttir hefur tekið að sér að innkalla þau erindi, sem haldin voru á ráðstefnunni um landfræðikennslu 1994 og ráðstefnunni 1995 um landfræðileg upplýsingakerfi. Stefnt er að útgáfu þessa efnis í einu eða tveimur tölublöðum. Ásgeir Jónsson og Guðrún Gísladóttir hafa gefið kost á sér í ritnefnd ásamt Rannveigu. Ritnefnd mætti hins vegar gjarnan vera fjölmennari auk þess sem nauðsynlega vantar ritstjóra.

Þriðja ráðstefna félagsins var haldin föstudaginn 17. febrúar 1995 á Kornhlöðuloftinu í Bankastræti í Reykjavík (kl. 10.00 - 15.30). Ráðstefnan bar heitið „Landfræðileg upplýsingakerfi og annar

hugbúnaður og áhrif þeirra á vinnubrögð landfræðinga - rannsóknarefnið í fókus“. Ráðstefnustjórar voru Guðrún Ólafsdóttir og Guðrún Halla Gunnarsdóttir. Haldin voru 8 fróðleg og skemmtileg erindi og urðu allfjörugar umræður um þau. Í ráðstefnulok dró Emil Bóasson saman helstu atriði, sem fram höfðu komið í erindum og umræðum, svona bæði í gamni og alvöru. Erindi Guðrúnar Gísladóttur féll því miður niður vegna veikinda hennar. Þess ber að geta að þetta var í fyrsta sinn sem allir fyrirlesarar á ráðstefnu félagsins voru landfræðimenntaðir. Stjórnin kann öllu því fólki sem gerði ráðstefnuna mögulega bestu þakkir fyrir.

Aðsókn að ráðstefnunni var nokkuð góð og mættu 74 manns, þar af var um helmingurinn nemar úr Háskóla Íslands. Ráðstefnugjald var kr. 1.000 en 750 kr. fyrir nema og var léttur hádegisverður innifalinn. Miðað við þessa aðsókn virðist ráðstefnuhald á vegum félagsins geta átt framtíð fyrir sér, að minnsta kosti ef valið er áhugavert efni.

Fjórða árshátíð félagsins var haldin í Kaffileikhúsinu í Hlaðvarpanum við Vesturgötu. Þar hittust 36 félagsmenn og makar þeirra (ásamt öðrum leikhúsgestum), að kvöldi föstudagsins 17. febrúar 1995, snæddu léttan kvöldverð úr eldhúsi Steinunnar Bergsteinsdóttur og horfðu á leikritið „Alheimsferðir Erna“ eftir Hlín Agnarsdóttur. Góður rómur var gerður að þessari nýbreyttni, þó að ekki væri um „einkasamkvæmi“ að ræða (verð 1.600 kr.).

Tvisvar hafa verið auglýstir rabbfundir fyrir félagsmenn, án sérstaks umræðuefnis. Haustrabb var á Fógetanum 3. nóvember 1994 og mættu 14 manns og ræddu ýmis mál tengd landafræði og atvinnumöguleikum landfræðinga. Vetrarrabb var hins vegar á Kaffi Reykjavík 12. janúar 1995 og mættu þá 9 manns og ræddu um heima og geyma í bróðerni.

Stjórnin ákvað á árinu að gerast félagi í Landvernd en Landfræðifélagið hafði verið aðili að þeim samtökum. Því miður sáu stjórnarmenn sér ekki fært að mæta á aðalfund Landverndar 29. október 1994 en þá var haldið upp á 25 ára afmæli samtakanna. Rannveig Ólafsdóttir og Guðrún Halla Gunnarsdóttir sóttu hins vegar ráðstefnu þeirra um umhverfismál

sveitarfélaga þar sem fjallað var um frjáveitur og mengunarvarnir.

Í tilefni af Náttúruverndarári Evrópu 1995 bauð umhverfisráðherra félaginu að senda fulltrúa á setningu þess og opnun ljósmyndasýningar af því tilefni 4. febrúar sl. og voru Guðrún Halla Gunnarsdóttir og Guðrún Ólafsdóttir viðstaddar þar. Einkunarorð ársins eru „Hyggjum að framtíðinni - Hlúum að náttúrunni“ og er megin áhersla lögð á náttúruvernd utan friðlýstra svæða og er vonast eftir að félagasamtök tengji starf sitt tilgangi og markmiðum ársins.

Tryggvi Jakobsson sótti fyrir hönd félagsins málþing norræna landræðinga og kennara sem haldið var 17. - 19. nóvember 1994 í Gilleleje á Sjálandi. Fjallað var um námsskrá og stöðu landafræðinnar í skólakerfinu. Fulltrúar landfræðifélaganna á norðurlöndum urður síðan sammála um yfirlýsingu sem birt var í síðasta fréttabréfi (og send hefur verið ýmsum aðilum).

Evrópusamstarf landfræðikennara, Eurogeo, hefur lítið verið ræktað á árinu en tengsl við þau samtök eru í höndum Önnu Dóru Sæþórsdóttur og Guðrúnar Ólafsdóttur. Því miður sáu stjórnarmenn sér ekki fært að sækja fundi þessara samtaka sem haldnir voru á árinu.

Ýmsir félags- eða stjórnarmenn hafa tekið þátt í forvitnilegum verkefnum innlendum sem fjölbjóðlegum á síðasta ári og hefur verið reynt að greina frá einhverju slíku í fréttabréfinu auk þess sem ýmsar ráðstefnur eða námskeið hafa verið auglýstar.

Náttúrufræðingatal er enn í vinnslu og er Þorbjörg Kr. Kjartansdóttir fulltrúi félagsins í ritnefnd þess. Gert er ráð fyrir að 1. bindi komi út í haust.

Kínaferðin margumrædda sem Emil Bóasson gæti skipulagt fyrir félagsmenn hefur ekki enn verið farin, enda hafa menn ekki látið í sér heyra um áhuga á því máli s.s. tímasetningu, ferðarlengd eða áhugaverð svæði/staði. Eigum við að gefa þetta alveg upp á bátinn/eða munu menn

fyllast áhuga að loknu erindi Guðrúnar Ólafsdóttur um Kfna sem fyrirhugað er í maf n.k.?

Að lokum vil ég þakka stjórnarmönnum, endurskoðendum, fyrirlesurum og öðrum félagsmönnum samstarfið á árinu og bendi ég á að nýjar hugmyndir um félagsstarfið eða afmælisárið eru alltaf vel þegnar.

Síðan komu tilkynningar sbr. fundargerð.

Guðrún Halla Gunnarsdóttir, formaður
29. mars 1995

ÁRSREIKNINGUR FÉLAGS LANDFRÆÐINGA

Á meðfylgjandi blaði gefur að líta ársreikning Félags Landfræðinga fyrir tímabilið 21. mars 1994 til 22. mars 1995. Dágóður hagnaður varð af rekstri félagsins, en þess ber að gæta að ekki er búið að gefa út Landabréfið og má búast við að þeirri útgáfu fylgi nokkur kostnaður.

Reykjavík 22. mars 1995

f.h. stjórnar Félags Landfræðinga
Anna Dóra Sæþórsdóttir, gjaldkeri sign.

Eftirfarandi endurskoðendur hafa samþykkt þessa reikninga

Tryggvi Jakobsson sign. Árni Þór Vésteinsson sign.

REKSTRARREIKNINGUR 21. MARS 1994 - 22. MARS 1995

TEKJUR

Félagsgjöld 1994-1995	142.000,00
Eldri félagsgjöld	14.000,00
Vextir	2.850,14
Ráðstefna	54.500,00
Aðrar tekjur	1.200,00
TEKJUR ALLS	<u>214.550,00</u>

GJÖLD

Fréttabréf	11.140,00
Ráðstefna	49.771,00
Kostn.v/tekkareiknings	891,00
Gíróseðlar	8.250,00
Önnur gjöld	16.725,00
GJÖLD ALLS	<u>86.777,00</u>

HAGNAÐUR AF REKSTRI **127.773,14**

EFNAHAGSREIKNINGUR 22. MARS 1995

EIGNIR

Sparileið 1	58.230,12
Gullbók	65.147,54
Ávísanareikningur	160.025,14
nneign hjá greiðslukortafyrirtækjum	2.750,00
Inneign hjá fyrirtækjum og stofnunum	2.000,00

EIGNIR ALLS **288.152,80**

SKULDIR

Höfuðstóll 1994	160.379,66
Hagnaður af rekstri	127.773,14

SKULDIR ALLS (sjóður 22. mars 1995) **228.152,80**

Vorrabbi er lokið

Vorrabb félagsins var 3. maí sl. á Jassbarnum og mættu þangað 10 félagar til skrafs og ráðagerða.

Hugmyndastefna í haust

Félag landfræðinga ætlar í samvinnu við jarð- og landfræðiskor að efna til hugmyndastefnu vegna endurskoðunar náms og kennsluhátta sem nú er verið að vinna að í deildinni.

Þess er vænst að starfandi landfræðingar, bæði kennarar og aðrir sem hafa aflað sér reynslu og þekkingar á vinnumarkaði hér heima, og þeir sem hafa verið í framhaldsnámi erlendis leggi lóð sitt á vogaskálarnar svo að við getum átt fjörugar, gefandi og árangursríkar umræður.

Nánari upplýsingar um stað, stund og fyrirkomulag verða sendar út síðsumars.

Kvöldfundur í haust

Kvöldfundur er fyrirhugaður fimmtudaginn 28. september 1995 og mun Guðrún Gísladóttir fjalla um rannsóknarefni sitt „Uppskeyra gróðurlenda“ í stofu 102 í Lögbegi kl. 20.30

ÁRGJALD 1995

Meðfylgandi er gíróseðill vegna árgjalds félagsins 1995, en því hefur verið haldið óbreyttu frá fyrra ári. Vinsamlegast greiðið sem fyrst, þannig að stjórnin verði hugmeiri en ella í útgáfu- og ráðstefnumálum! Þess skal getið að nokkrir félagar, sem ekki hafa greitt gjöld sín í a.m.k. tvö ár, munu verða teknir út af félagaskránni í haust.

KVÖLDFUNDUR í maí

mánudaginn 15. maí 1995

Fundur verður haldinn í Félagi landfræðinga í stofu 102 í Lögbergi mánudagskvöldið 15. maí 1995 kl. 20.30.

Dagskrá: Guðrún Ólafsdóttir segir frá ferð sem hún fór ásamt öðrum afkomendum Norskra trúboða á heimaslóðir sínar í Kína í apríl síðast liðnum. Flest voru þau að koma á æskuslóðir í fyrsta skipti í hálfu öld.